

**6. gr.**

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Að gera tillögur um breytingar og viðbætur við lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. og 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
2. Að gera tillögur um framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 2. og 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
3. Að gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 2. og 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
4. Að vera til ráðuneytis varðandi íblöndun hvers konar aukaefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almenningi, sbr. 15. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
5. Að gera tillögur um gerð íláta og umbúðir, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi útlát, sölu og varðveislu eiturefna og hættulegra efna, sbr. 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.
6. Að sinna öðrum verkefnum, sem augljóslega falla undir starfssvið nefndarinnar.

**7. gr.**

Nefndarmenn skulu vera til aðstoðar við samningu tillagna að reglugerðum samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni eftir því, sem ráðherra eða landlæknir í samráði við formann nefndarinnar kveður þá til hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85 31. desember 1968, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. nóvember 1969.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Jón Thors.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykkt fyrir Þorlákshöfn í Ölfushreppi.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Þorlákshöfn.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalbera.*